

## **31. fundur miðstjórnar, haldinn þann 6. desember 2013**

Mættir: Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens Heiðar Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Ómar Baldursson, Guðrún Bergþórsdóttir, Grétar Guðmundsson, Eva K Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Sighvatur Sighvatsson, Júlía Björk Þórðardóttir, Finnur Víkingsson, Eyjólfur Ólafsson, Jakob Tryggvason, Einar Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Andri Jóhannesson og Bára Halldórsdóttir sem ritar fundargerð.

Forföll boðuðu: Helgi Jónsson, Svanborg Hilmarsdóttir.

### **Dagskrá:**

1. Fundargerð síðastu tveggja funda
2. Kjaraviðræður - staða mála
3. Virðing
4. Drög að leigusamningi v. Stórhöfða 27, 4. hæð
5. Skógarnes
  - a. Internetmál - þjónustusamningur
6. Ályktun vegna Akureyrarbæjar
7. Önnur mál

1. Síðustu fundargerðir samþykktar.

2. Kjaraviðræður:

Kristján fór yfir stöðuna sem komin er upp í kjaraviðræðum. Fundur trúnaðarmanna og samninganefnda RSÍ, sem var haldinn hér í húsinu í vikunni, samþykkti að halda áfram í samfloti með ASÍ félögunum og fara fram með hóflegar kröfur um launaliðinn. Krafan miðaði við að laun hækkuðu innan þess ramma sem Seðlabanki Íslands teldi að myndi ekki ógna stöðugleika með aukinni verðbólgu. SA sleit þeim viðræðum í gær og taldi að þessar kröfur væru of miklar, þeir vildu hafa meira svigrúm hjá sér til þess að deila út launahækkunum umfram kjarasamninga. Fundurinn samþykkti að senda frá sér eftirfarandi ályktun:

*„Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands harmar þá ákvörðun Samtaka atvinnulífsins að hafna mögulegri leið til að ná breiðri sátt á íslenskum vinnumarkaði. Í því ljósi er augljóst að stöðugleiki mun að öðru óbreyttu*

*ekki verða til staðar sökum ákvörðunar þeirra. Við það verður ekki unað að fyrirtækjum einum verði veitt það svigrúm að deila út launahækkunum til óskilgreinds hóps sem þeir telja heppilegan. Í kjarasamningum á að nýta allt mögulegt svigrúm til þess að hækka laun með almennri hækkun þannig að sú hækkun nái til allra launþega.*

*Í launakönnun sem RSÍ lét gera fyrir septembermánuð sést greinilega að svokallað launaskrið á dagvinnulaunum okkar fólks hefur verið 3,9% en þar af var launahækkun kjarasamninga upp á 3,25%. Þetta þýðir að launaskrið umfram kjarasamninga var aðeins 0,65%. Ef horft er yfir allan markaðinn þá sést greinilega að launaskrið hefur almennt verið 6,1% á milli ára og því ljóst að aðrir hópar hafa notið launaskriðs umfram rafiðnaðarmenn.*

*Ætli aðilar að byggja á stöðugum grunni þá þurfa atvinnurekendur að auka aga í sínu baklandi áður en þeir benda á launþegana. Atvinnurekendur hækka gjaldskrár óheft með tilheyrandi verðbólgu. Launþegar þurfa að hækka sína verðskrá í kjarasamningum með aðkomu sömu aðila og hækkuðu verðlagið! “*

3. Rúnar Bachmann kom og sagði frá sameiningarviðræðum milli Virðingar og Auðar Capital. Hlutur Virðingar verður 47% en Auðar kapital 53% ef af sameiningu verður. Samlegðaráhrif eru aðal hvati þessarar sameiningar. Sameiningarferlið hefur tekið lengri tíma en áætlað var í upphafi en því átti að vera lokið í byrjun nóvember. Sameining tekur gildi þegar samþykki allra hluthafa liggur fyrir. Sú samþykkt þarf að liggja fyrir í janúar. Góð samstaða er um þetta ferli. Stórhöfði 31, semsagt RSÍ, Stafir og MATVÍS mun eiga um 13% í hinu nýja félagi. Hannes Frímann Hrólfsson verður framkvæmdarstjóri og Friðjón Rúnar framkvæmdarstjóri rekstrarfélags Virðingar. Rúnar fór yfir sögu Hannesar í stuttu máli og sagði frá því að Virðingararmurinn hefði leitað eftir áliti FME á hans málum. Fundarmenn ræddu stöðu væntanlegs framkvæmdastjóra og málefni er tengjast honum og fyrri störfum. Var það niðurstaða fundarins að styðja fulltrúa okkar í stjórninni að fylgjast vel með stöðu hans og þróun á næstu mánuðum. Hluthafar á Stórhöfða sem og í verkalýðshlutanum munu þurfa að finna sér sameiginlegan fulltrúa í stjórn sameinaðs félags en Rúnar Bachmann hefur setið í umboði okkar á undanförunum árum og nýtur fulls stuðnings miðstjórnar í áframhaldandi setu í sameinuðu félagi. Aðilar gera sér jafnframt grein fyrir því að nauðsynlegt er að

samráð þarf að hafa við hlutaðeigandi aðila um sameiginlegan fulltrúa. Samþykkt var að styðja Rúnar í stjórnarsetu mögulegs nýs félags en með stuðningi breiðari hops. Formanni falið að vinna áfram að málinu.

4. Kristján kynnti drög að leigusamningi vegna fjórðu hæðar á Stórhöfða 27. VIRK starfsendurhæfingarsjóður þarf á húsnæði að halda í eitt ár og hefur áhuga á að leigja hæðina. Leigusamningur var lagður fram en bent var á villu hvað varðar leiguverðið sem Kristján lagar. Samþykkt var að ganga frá þessu.
5. Netsamband hefur verið slæmt í Skógarnesi og liggur niðri. RSÍ hefur þrýst á Emax til að láta laga þetta en nú eru þeir hættir að svara. Af þessum sökum hefur verið rætt m.a. við Gagnaveitu Suðurlands sem er til í að setja upp örbylgjusamband á svæðinu og þjónusta það gegn ákveðinni tryggingu. Með fundargerð fylgir uppkast af áskriftarsamningi við gagnaveituna en RSÍ mun samkvæmt þeim samningi samþykkja að tryggja 60.000 kr. greiðslu á mánuði en komi tekjur af notkun félagsmanna munu þær tekjur ganga upp í þessar 60.000 kr. Kristjáni var veitt umboð til að ganga frá samningi á þessum nótum.
6. Akureyrarbær var að segja upp samningi við Norðurorku sem hefur séð um götuljós í bænum. Rafvirki hefur sinnt þessu starfi hingað til hjá Norðurörku en en nú hefur bærinn ákveðið að setja verkamann í starfið. Fundurinn samþykkti eftirfarandi ályktun:

**„ Akureyrarbær virðir ekki lög**

*Í vikunni bárust fréttir um að Akureyrarbær hafi tekið yfir þjónustu á gatnaljósum í bænum sem áður var unnið af Norðurorku, rafveitu á staðnum. Nú hefur það komið í ljós að til þess að sinna þessum verkefnum hefur Akureyrarbær ákveðið að nýta ekki til þessara verka fagmenn í viðkomandi iðngrein sem um ræðir. Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands áréttar að Akureyrarbær er skyldugur til þess að fá fagmenn í verkefni sem þessi og krefst þess að gerðar verði úrbætur þar á.“*

Bent var á að hafa samband við Mannvirkjastofnun áður en ályktunin er send og fá nánari upplýsingar og afstöðu þeirra til málsins.

7. Önnur mál.

Kristján sagði frá bók „Búsó, svipmyndir úr Búsáaldabyltingunni“ sem miðstjórnarmenn fengu að gjöf en Þorsteinn Úlfar hefur tekið saman myndir og gefið út.

Kristján var spurður hvort hann hafi hafnað þátttöku okkar í Félagavef og sagði hann að hann hefði tilkynnt þeim að við tækjum ekki þátt í þessari vinnu.

Sigurður spurði um netöryggismál RSÍ en Kristján tjáði mönnum að félagakerfið er úthýst hjá DK hugbúnaði og þeir sjái þar um að öryggismál séu í góðu standi. Kristján taldi þó rétt að þau yrðu skoðuð nánar sem og netöryggismál innanhúss. Umræður spunnust um öryggismál.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 15:52 og minnt á hangikjötsfundinn sem hefst kl. 18.

Fundargerð ritaði Bára Halldórsdóttir